

Alþingi
Erindi nr. P 139/S2
komudagur 3.11.2010



Hraunbær 123, 110 Reykjavík
sími 550 9800

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember, 2010

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 9- 9 mál. Tillaga til þingsályktunar um rýmri fánatíma.

Íslenska fánann í öndvegi.

Skátar á Íslandi hafa ávallt staðið vörð um íslenska fánann. Frá upphafi hefur meðferð fánans verið dagskrárefni í verkefnagrunni skáta. Þar hefur verið lögð áhersla á meðferð og virðingu skátanna fyrir íslenska fánanum. Þá er heiðursvörður skáta með íslenska fánann orðið ein af hefðunum í samfélagi okkar við hátíðarhöld t.d. á 17. júní og sumardaginn fyrsta. Almennur tengir skátana gjarnan við íslenska fánann og algengt að haft sé samband við skrifstofu BÍS og leitað upplýsinga um meðferð hans.

Skátahreyfingin fór af stað með fánaverkefni undir heitinu "Íslenska fánann í öndvegi" á 50 ára lýðveldisafmæli Íslands 1994. Þá létu skátar framleiða myndband um sögu og meðferð íslenska fánans og var það m.a. sýnt all oft í ljósvakamiðlunum. Á því ári gáfum við m.a. öllum grunnskólabörnum íslenska fánaveifu. Síðan þá hefur ýmislegt verið gert til að gera veg íslenska fánans sem mestan og uppfræða almenning um notkun hans.


Árið 1998 hóf BÍS nýjan lið í fánaverkefninu er skátar gáfu öllum börnum í 2. bekk í grunnskólum landsins fallega fánaveifu ásamt fánabæklingi sem fræðir börnin og fjölskyldur þeirra um sögu fánans og fánareglur. Fánunum er dreift til grunnskólanna og annast þeir dreifingu þeirra til barnanna og má segja að verkefnið hefur almennt hlotið frábærar viðtökur.

Skátahreyfingin fagnar því tillögu til þingsályktunar um rýmri fánatíma. Þegar skátar sbr. ofangreint voru að kynna notkun þjóðfánans kom bersýnilega í ljós hve almenningur var illa upplýstur um reglur er lutu að notkun hans. Tilgangur verkefnisins var einmitt sá að ýta undir meiri notkun þjóðfánans og því styður skátahreyfingin heils hugar við þingsályktunatillöguna telur hana til mikilla bóta.

Skátahreyfingin hefur ávallt litið á sig sem verndara íslenska þjóðfánans og er notkun hans ríkur þáttur í starfi skáta.

Virðingarfyllst,

f.h. Bandalags íslenska skáta.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sveinn Guðmundsson', written in a cursive style.

Sveinn Guðmundsson, hrl.
skáti.